

Ættleiðingar 1996–2004

Adoptions 1996–2004

Samantekt


Á árunum 1996–2004 voru ættleiðingar hér á landi 411 talsins. Í 174 tilvikum var um að ræða stjúpættleiðingu en frumættleiðingar voru 237. Frumættleiddir Íslendingar voru 57 en frumættleiðingar frá útlöndum 180. Undanfarin þrjú ár hafa langflest ættleidd börn komið frá Kína, 46 stúlkur og einn drengur. Ef litið er til árána 1996–2004 hafa börn frá Indlandi verið flest, þaðan hafa á þessu níu ára tímabili komið 60 stúlkur og 32 drengir. Stjúpættleiddir einstaklingar eru alla jafna eldri en frumættleiddir og meðalaldur þeirra sem voru stjúpættleiddir á árunum 1996–2004 var 21,8 ár. Athygli vekur að hér á landi eru konur fleiri en karlar í hópi stjúpættleiddra.

Fjöldi ættleiðinga

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru ættleiðingar 60 talsins árið 2004. Í 29 tilvikum var um að ræða stjúpættleiðingu en frumættleiðingar voru 31. Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni (eða kjörbarni) maka umsækjanda. Með orðinu frumættleiðing er aftur á móti átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn (eða kjörbarn) maka umsækjanda.¹

Mynd 1. Fjöldi stjúp- og frumættleiðinga 1996–2004

Figure 1. *Stepadoptions and primary adoptions 1996–2004*



¹ Reglugerð um ættleiðingar (238/2005). <http://www.reglugerd.is/> Með hugtakinu kjörbarn er átt við ættleitt barn.



*Flestar frumættleiðingar frá
Kína árið 2004*

Af frumættleiddum einstaklingum árið 2004 voru fjórir frá Íslandi, 19 frá Kína, sjö frá Indlandi og einn frá Kólumbíu. Frumættleiðingum frá útlöndum hefur fjölgað talsvert á undanförmum árum, þær voru á bilinu tíu til tólf á ári 1996–1998 en hafa síðan þá ekki verið færri en 20 á ári. Stjúpættleiðingum hefur fjölgað minna og frumættleiddum Íslendingum hefur fækkað nokkuð frá árinu 1996.

Stjúpættleiðingar

*Meðalaldur stjúpættleiddra
21,8 ár*

Íslensk lög um ættleiðingar frá árinu 1999 gera ráð fyrir því að alla jafna ekki sé unnt að ættleiða barn sem náð hefur tólf ára aldri nema með samþykki þess sjálfs. Þá er mælt til þess í lögum að einnig sé leitað eftir afstöðu þeirra barna sem yngri eru „ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.“¹ Í reynd er fremur sjaldgæft að stjúpforeldrar ættleiði ung börn og langflestar stjúpættleiðingar ná til fullorðins fólks. Ef litið er til samtölu árána 1996–2004 voru stjúpættleiðingar 174 talsins og voru um 70% stjúpættleiddra (121) yfir lögaldri. Í einungis sjö tilvikum var um börn undir sex ára aldri að ræða, 22 voru á aldrinum 6–11 ára og 24 á aldrinum 12–17 ára. Meðalaldur ættleiddra stjúpbarna var 21,8 ár. Algengast var að kjörforeldri væri stjúpfaðir (165 af 174) og aðeins í tveimur tilvikum var kjörforeldri stjúpmóðir. Sjö einstaklingar í staðfestri samvist ættleiddu barn maka, í öllum tilvikum kona.²

*Fleiri konur en karlar
stjúpættleiddar*

Mynd 2 sýnir að talsverður munur er á hlut kynjanna í stjúpættleiðingum en alls voru ættleiddar konur 122 en karlar einungis 52. Munurinn var fremur lítill meðal einstaklinga undir lögaldri, á þessu níu ára tímabili voru ættleiddar 30 stúlkur og 23 drengir yngri en 18 ára. Ættleiddar konur yfir lögaldri voru aftur á móti meira en þrefalt fleiri en ættleiddir karlar (92 á móti 29). Slíkur munur er t.d. ekki fyrir hendi í Danmörku en þar er lítill sem enginn munur á stjúpættleiðingum eftir kyni.³

Frumættleiðingar

Að vonum ná frumættleiðingar yfirleitt til yngri einstaklinga en stjúpættleiðingar. Hér eru undanskildir ættleiddir Íslendingar en þar svipar aldursmáttsetningin nokkuð til stjúpættleiðinga. Árin 1996–2004 voru 57 frumættleiddir einstaklingar íslenskir. Meira en helmingur þeirra (31) var yfir lögaldri og einungis 13 yngri en fimm ára.

*Frumættleiddir flestir á fyrsta og
öðru ári*

Frumættleidd börn frá útlöndum voru langflest á fyrsta og öðru ári. Af 180 börnum sem ættleidd voru frá útlöndum á árunum 1996–2004 voru 150 yngri en tveggja ára. Undanfarin þrjú ár hafa langflest ættleidd börn komið frá Kína, 46 stúlkur og einn drengur. Ef litið er til árána 1996–2004 hafa börn frá Indlandi verið flest, þaðan hafa komið 60 stúlkur og 32 drengir (sjá mynd 3). Fremur fá börn hafa komið frá öðrum löndum. Um nokkurra ára skeið á 10. áratugnum komu hingað nokkur börn frá Rúmeníu, á árunum 1996–2001 voru þessi börn 17 talsins, ellefu drengir og sex stúlkur. Ættleidd börn frá Rúmeníu voru eldri en börn frá öðrum löndum, ekkert þeirra var á fyrsta ári, einungis fjórir á öðru ári en 13 á aldrinum 3–5 ára.


¹ Sbr. 6. grein Laga um ættleiðingar nr. 180 frá 31. desember 1999. <http://www.althingi.is/>

² Samkvæmt 6. grein Laga um staðfesta samvist frá 1996 (nr. 87 frá 12. júní) ná ákvæði ættleiðingalaga um hjón ekki til einstaklinga í staðfestri samvist en samkvæmt lögum getur einstaklingur í staðfestri samvist þó ættleitt barn maka (nema um kjörbarn frá öðru landi sé að ræða).

³ Sjá *Statistisk årbog 2005*. Danmarks statistik, bls. 75.


Mynd 2. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri ættleiddra 1996–2004

Figure 2. Stepparent adoptions by sex and age 1996–2004



Mynd 3. Frumættleiðingar frá útlöndum eftir kyni og fæðingarlandi 1996–2004

Figure 3. International primary adoptions by sex and country of birth 1996–2004



English summary

During the period 1996-2004 411 adoptions were performed in Iceland. Of those 174 were stepadoptions. Primary adoptions were 237 of which 180 were international. Most internationally adopted children during this period came from India (92) and China (47).

As a rule stepadoptions in Iceland are not performed in early childhood. The mean age of stepadopted individuals is thus as high as 21.8 years. An interesting feature is revealed when analysing stepparent-adoptions by sex. Thus, in the group of adults (individuals above the age of 18) adopted women were three times more numerous than men (90 women compared to 29 men). This discrepancy is for example not found in Denmark where the number of adopted men and women is more even.

Tafla 1. Ættleiðingar eftir tegund ættleiðingar og fæðingarlandi 1996–2004
 Table 1. Adoption by type of adoption and place of birth 1996–2004

	1996–									
	2004	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004 ¹
Alls Total	411	40	34	37	40	43	54	49	54	60
Stjúpættleiðingar Stepadoptions										
Alls Total	174	15	16	18	12	15	22	25	22	29
Stjúpfaðir <i>Stepfather</i>	165	15	16	17	12	14	21	23	21	26
Stjúpmóðir <i>Stepmother</i>	2	–	–	1	–	–	–	–	1	–
Stjúpforeldri í staðfestri samvist <i>Stepparent in registered partnership</i>	7	–	–	–	–	1	1	2	–	3
Frumættleiðingar – Ísland										
Primary adoptions – Iceland	57	15	8	7	5	6	3	4	5	4
Frumættleiðingar – útlönd										
Primary adoptions – international										
Alls Total	180	10	10	12	23	22	29	20	27	27
Indland <i>India</i>	92	7	7	6	12	12	26	8	7	7
Kína <i>China</i>	47	–	–	–	–	–	–	10	18	19
Rúmenía <i>Romania</i>	17	1	1	2	6	5	2	–	–	–
Kólumbía <i>Colombia</i>	6	–	–	–	–	3	–	–	2	1
Taíland <i>Thailand</i>	5	1	–	–	–	1	1	2	–	–
Önnur lönd <i>Other countries</i>	13	1	2	4	5	1	–	–	–	–

¹ Bráðabrigðatölur. Preliminary data.

Tafla 2. Stjúpættleiðingar eftir kyni og aldri 1996–2004¹Table 2. *Stepadoptions by age and sex 1996–2004¹*

	Alls <i>Total</i>	Stjúpfaðir ættleiðir barn maka <i>Adopted by stepfather</i>	Stjúpmóðir ættleiðir barn maka <i>Adopted by stepmother</i>	Stjúpforeldri í staðfestri samvist ættleiðir barn maka <i>Adopted by stepparent in registered partnership</i>
Karlar og konur <i>Males and females</i>				
Alls Total	174	165	2	7
0–5 ára <i>years</i>	7	1	–	6
6–11 ára	22	21	1	–
12–17 ára	24	24	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	121	119	1	1
Karlar Males				
Alls Total	52	51	–	1
0–5 ára <i>years</i>	2	1	–	1
6–11 ára	13	13	–	–
12–17 ára	8	8	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	29	29	–	–
Konur Females				
Alls Total	122	114	2	6
0–5 ára <i>years</i>	5	–	–	5
6–11 ára	9	8	1	–
12–17 ára	16	16	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	92	90	1	1

¹ Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. *Preliminary data for 2004.*

Tafla 3. Frumættleiðingar eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1996–2004¹Table 3. *Primary adoptions by place of birth, age and sex 1996–2004¹*

	Alls <i>Total</i>	Frá Íslandi <i>From Iceland</i>	Frá Kína <i>From China</i>	Frá Indlandi <i>From India</i>	Frá Rúmeníu <i>From Romania</i>	Önnur lönd <i>Other countries</i>
Karlar og konur						
<i>Males and females</i>						
Alls Total	237	57	47	92	17	24
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	69	8	5	53	–	3
1 árs <i>years</i>	92	3	42	37	4	6
2 ára	12	–	–	1	8	3
3 ára	9	2	–	1	4	2
4 ára	5	–	–	–	–	5
5–9 ára	7	2	–	–	1	4
10–14 ára	12	11	–	–	–	1
15–17 ára	–	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	31	31	–	–	–	–
Karlar <i>Males</i>						
Alls Total	81	24	1	32	11	13
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	24	4	–	19	–	1
1 árs <i>years</i>	17	–	1	12	1	3
2 ára	9	–	–	1	6	2
3 ára	5	1	–	–	3	1
4 ára	3	–	–	–	–	3
5–9 ára	6	2	–	–	1	3
10–14 ára	5	5	–	–	–	–
15–17 ára	–	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	12	12	–	–	–	–
Konur <i>Females</i>						
Alls Total	156	33	46	60	6	11
Innan 1 árs <i>In 1st year</i>	45	4	5	34	–	2
1 árs <i>years</i>	75	3	41	25	3	3
2 ára	3	–	–	–	2	1
3 ára	4	1	–	1	1	1
4 ára	2	–	–	–	–	2
5–9 ára	1	–	–	–	–	1
10–14 ára	7	6	–	–	–	1
15–17 ára	–	–	–	–	–	–
18 ára og eldri <i>and over</i>	19	19	–	–	–	–

¹ Bráðabirgðatölur fyrir árið 2004. *Preliminary data for 2004.*

Hagtiðindi **Mannfjöldi**
Statistical Series **Population**

90. árgangur nr. 50

ISSN 0019-1078

2005:4

ISSN 1670-4479 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4487 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 6*

Umsjón *Supervision* Ólöf Garðarsdóttir • olof.gardarsdottir@hagstofa.is

Ásta K. Þórsdóttir • asta.thorsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series